

Ávarp til kvennalistakvenna

Kvennalistinn varð til á sínum tíma sem andófsafl gegn gamla flokkakerfinu og var ný vídd, hvorki til hægri né vinstri í íslenskum stjórnmálum. Kvennalistinn var hreyfing kvenna úr ýmsum áttum með margvíslegar skoðanir. Í Kvennalistanum sameinuðust konur sem voru sammála um að bæta stöðu kvenna og vildu beita til þess óhefðbundnum aðferðum. Kvennalistakonur vildu breyta vinnubrögðum og áherslum í stjórnmálum, beina sjónum að sérstöðu kvenna og jákvæðri ímynd þeirra og umfram allt öðlast frelsi til að tala og starfa á eigin forsendum.

Frá upphafi lagði Kvennalistinn áherslu á að vinna að kvenfrelsi sem fól í sér rétt kvenna til að velja lífi sínu farveg óháð hefðum og rótgrónum lögmálum feðraveldisins. Kvennalistinn hefur byggt á þeirri hugmynd að það væri fleira sem sameinaði konur en sundraði og að félagsleg staða þeirra væri með þeim hætti að þær gætu og ættu að sameinast til að styðja og styrkja hver aðra í baráttunni fyrir betra og réttlátara þjóðfélagi. Við okkur blasti samfélag sem var stýrt af körlum, samfélag byggt á umdeildum rétti þeirra sem valdið hafa til að stjórna að vild. Við okkur blasti samfélag sem mat störf kvenna til fárra fiska og hélt þeim frá öllum mikilvægum ákvörðunum sem snertu samfélagið í heild. Við okkur blasti samfélag sem setti vinnu og veraldleg gildi ofar frelsinu til að velja og njóta, ofar fjölskyldulífi og gæðum mannlífsins. Þessu þurfti að breyta og því gripum við til okkar ráða.

Íslenskar konur hafa náð miklum árangri í kvennabaráttu á undanförunum árum og þar á starf Kvennalistans drjúgan hlut að máli. Konum hefur fjölgað svo um munar á Alþingi og í bæjarstjórnnum. Málefni sem snerta konur hafa verið stöðugt á dagskrá með þeim árangri að við stöndum í fremstu röð hvað varðar löggjöf og möguleika kvenna til menntunar og heilsugæslu, þótt víða skorti á framkvæmd laga. Kvennalistinn hefur á ferli sínum tekið til umræðu ótal mál sem áður voru vart rædd á vettvangi stjórnmálanna, fyrst og fremst málefni kvenna. Kvennalistinn hefur einnig beitt sér í öðrum mikilvægum málum. Má þar nefna umhverfisvernd, nýja sýn á heimsfriðinn og gagnrýni á hernaðarbrölt, úrelta stóriðjustefnu, möguleika smáíðnaðar og ferðamennsku, nýstárlega nálgun við stjórnun fiskveiða, skipan stjórnkerfisins og aukið lýðræði.

Þær konur sem stofnuðu Kvennalistann völdu þá baráttuleið að bjóða fram sérlista kvenna. Með því lögðum við áherslu á að ríkjandi flokkakerfi hlustar ekki á gagnrýnar raddir kvenna enda byggt upp af körlum fyrir karla og starfar á miðstýrðan og ólýðræðislegan hátt. Við höfum haldið því fram að konur yrðu að breyta heiminum sjálfar, enginn gerði það fyrir þær.

Sérframboð kvenna njóta ekki sama stuðnings og áður. Hvað verður um gagnrýna feminiska hugsun sem setur spurningamerki við þróun samfélagsins og bendir á nýjar leiðir? Hvað á að taka við? Hópur kvenna innan Kvennalistans vill nú stilla hreyfingunni upp við hlið svokallaðra vinstri flokka í umræðum um væntanleg framboð á landsvísu. Við ætlum ekki að leggja stein í götu þeirra kvenna sem nú kjósa að leita samstarfs við gömlu flokkana, en teljum að með því sé höggvið að rótum þeirrar kvennasamstöðu sem Kvennalistinn hefur grundvallast á. Við erum ósáttar við þá stefnubreytingu og viljum ekki að Kvennalistinn verði hluti af kratasamsteypu og miðjumóði.

Við viljum leita nýrra leiða til að tryggja að frekari árangur náist í kvennabaráttunni. Róttækni, endurmat og frumkvæði á að vera hlutskipti kvennabaráttunnar. Reynslan og sagan

sýna að konur þurfa sífellt að tala nýjum rómi þannig að hlustað sé á þær. Enn standa kvenfrelsiskonur á krossgötum, svo upp skal hugann herða og hugsa á ný til ferða.

Fjölskylduform eru að breytast og æ fleiri konur búa einar með eða án barna. Markaðskerfið er allsráðandi og í nafni þess er gengið hart að félagslegri þjónustu. Framtíð samhjálpar verður meðal þeirra mála sem harðast verður tekist á um á næstunni. Því er spáð að atvinnuleysi verði varanlegt og að fólk muni skiptast í hópa eftir því hvort það verður læst eða ólæst á upplýsingaheiminn. Hvaða áhrif munu þessar breytingar hafa á stöðu kvenna? Verða konur virkir þátttakendur í breytingunum eða munu þær sitja hjá og verða í meirihluta hinna atvinnulausu eins og þær eru reyndar nú. Atvinnulíf mun taka stakkaskiptum á næstu árum í kjölfar tæknibreytinga og það mun hafa víðtækar félagslegar afleiðingar. Umhverfismál verða mál málanna á næstu öld og þar gegna konur lykilhlutverki bæði sem neytendur og stjórnendur. Kannanir sýna að konur hafa meiri skilning en karlar á nauðsyn þess að breyta um lífsstíl og snúa vörn í sókn í verndun náttúrunnar. Lýðræðið á í vök að verjast og hugsjónir víkja fyrir lýðskrumi og valdagræðgi. Möguleikar fólks til að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt, hvað þá samfélagið í heild munu minnka verði ekki spornað gegn þessari þróun.

Fátækt fer vaxandi meðal kvenna á Íslandi, ekki síst þeirra sem eru einar með börn. Konur eru í láglaunastörfum og enn er þeim boðið upp á skammarleg laun. Hver talar máli þeirra á Íslandi í dag? Kvennaumræðan má ekki verða sjálfhverf og snúast nær eingöngu um fjölgun kvenna í stjórnámálum og það hvernig hægt er að skella skyndiplástrum á meingallað stjórnkerfi, meðan staða kvenna hrópar á róttækar aðgerðir. Heilsa kvenna, ofbeldi innan sem utan heimilis, kynferðisleg misnotkun, meðferð dómstóla á málum kvenna og barna, afstaða vinnumarkaðarins til kvenna, ekki síst eldri kvenna, menntakerfið með tilliti til reynslu og þarfa kvenna, vinnutími, kjör og staða fjölskyldna, að ekki sé minnst á ríkjandi gildismat sem gegnsýrir allt samfélagið. Allt eru þetta viðfangsefni sem takast þarf á við og okkur klæjar í lófana að komast í þá vinnu.

Við leggjum til að Kvinnalíftími vinni að raunverulegum breytingum og hugarfarsbyltingu í krafti kvenfrelsis í stað þess að lappa upp á staðnað kerfi sem byggir á aldagömlum lögmálum feðraveldisins. Það þarf vilja og óhefðbundna sýn til að dreifa valdi, velta um stólum og raða að nýju til borðs. Við það borð á kvenfrelsi að eiga fast sæti til að tryggja að skammtað sé af réttlæti, í anda jöfnuðar og lýðræðis. Við ætlum okkur að kalla saman konur úr ýmsum áttum, byggja upp öflugt kvinnanet og finna nýjan farveg fyrir samstöðu kvenna. Tími sköpunar er runninn upp.

Hópur kvenfrelsiskvenna

KJ, KA, KE, PP, MJL